



Reykjavík 8. nóvember 2012

Til Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis

**Efni: Frumvarp til sviðslistalaga.
Þingskjal 202 – 199. mál.**

Athugasemdir frá Bandalagi íslenskra leikfélaga:

Í frumvarpinu hverfur starfsemi áhugaleikhússins sporlaust úr íslenskum lögum, ekki er stafkrók lengur þar að finna sem viðurkennir tilvist þess í sviðslistaflórunni. Þetta teljum við með öllu ólíðandi og krefjumst þess að þessi mikilvæga starfsemi verði áfram viðurkennd og hennar minnst í sviðslistalögum.

Við krefjumst þess að athugasemdir okkar við frumvarpsdrögin frá 29.10. 2011 verði teknar til greina en þær eru svohljóðandi:

Viðbót við 18. gr. Sviðslistasjóður.

Alþingi veitir einnig árlega fé til starfsemi áhugaleikfélaga og Bandalags íslenskra leikfélaga.

Og við viljum að enn fremur verði hnekk á hlutverki Bandalagsins þegar um fjárframlög til starfsemi áhugaleikfélaga ræðir með þessari viðbót:

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga gerir tillögu til ráðherra um úthlutun ráðstöfunarfjár til starfsemi áhugaleikfélaga.

Rösktuðningur:

Það er almennt viðurkennt að íslenskt áhugaleikhús er miðlægt í íslenskri leiklist og íslenskri menningu. Stór hluti Íslendinga á sína fyrstu snertingu við töfra leikhússins meðal áhugamanna, hvort heldur er sem áhorfendur eða þátttakendur.

Með þátttöku í starfi áhugaleikfélaga eflist fólk í skilningi á samfélagi sínu. Samskiptahæfni skerpist, hæfileikinn til að setja sig í spor annarra þroskast. Í leikhúsi áhugamanna starfar fólk hlið við hlið að sameiginlegu marki, áhugamenn og atvinnumenn, einstaklingar með ólíkan bakgrunn, í mismunandi aðstæðum og úr öllum starfsstéttum. Slík samvinna er óendanlega dýrmæt, ekki síst við aðstæður eins og ríkja núna á Íslandi.

Bandalag íslenskra leikfélaga hvetur stjórnvöld til að standa vörð um íslenskt áhugaleikhús, það verður best gert með því að viðurkenna tilvist þess í lögum.

F.h. stjórnar Bandalags ísl. leikfélaga,


Vilborg Á. Valgarðsdóttir
framkvæmdastjóri